

## Ársskýrsla Finns Sveinbjörnsonar, fráfarandi forseta

Ágætu rótarýfélagar

Nýtt starfsár rótarýhreyfingarinnar hófst sl. föstudag 1. júlí. Í dag stýrir Hrönn Greipsdóttir, nýr forseti klúbbsins okkar fyrsta fundi starfsársins. Þessi fundur er jafnframt skilafundur fráfarandi stjórnar undir minni forystu. Auk mín sátu í þeirri stjórn þau Hrönn Greipsdóttir sem viðtakandi forseti, Karítas Kvaran sem ritari, Gunnar Thoroddsen sem gjaldkeri og Heimir Sindrason sem stallari. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka þeim kærlega fyrir samstarfið og þann tíma sem þau hafa lagt í störf sín í þágu klúbbsins. Sérstaklega vil ég nefna þátt Karítasar því ritarinn gegnir lykilhlutverki í klúbbstarfinu.

### *Fundir, mæting*

Á starfsárinu voru haldnir 43 klúbbfundir. Af þeim voru sjö haldnir utan venjulegs fundarstaðar hér á Hótel Borg því við heimsóttum Neyðarlínuna, Vátryggingarfélag Íslands, Sláturfélag Suðurlands, Mjólkursamsöluna, Símann og Hörpu auk þess sem jólafundurinn var haldinn í Þjóðleikhússkjallaranum. Þessar fyrirtækja- og stofnanaheimsóknir mælast vel fyrir í klúbbnum. Á fundi okkar í maí þegar við ræddum innri mál klúbbsins kom fram vilji til að fjölga þessum heimsóknum enn frekar. Á sama fundi voru viðraðar ýmsar hugmyndir um að auka fjölbreytni í fyrirkomulagi funda í því skyni að efla áhugann og starfið enn frekar. Ég veit að ný stjórn klúbbsins um fara rækilega yfir þetta.

Heildarmæting klúbbfélaga á starfsárinu var 52%. Hún var 51% á fyrsta fjórðungi, 61% á öðrum fjórðungi enda mikið um fundi utan reglulegs fundarstaðar en allir klúbbfélagar fá mætingu á slíkum fundum, 43% á þriðja fjórðungi og 54% á síðasta fjórðungi starfsársins. Því miður eru um tíu félagar sem ekki voru virkir í klúbbnum á starfsárinu. Rétt er að nefna að reikniverkið í félagakerfinu er það ófullkomið að ekki er tekið tillit til þess þegar nýir félagar bætast í hópinn innan starfsársins og mætingarhlutfall þeirra reiknað út frá heilu starfsári. Þetta dregur hlutfallið að sjálfsögðu niður.

Erindin á klúbbfundunum voru fjölbreytt að vanda. Mér finnst sérstaklega ánægjulegt að af þessum 43 klúbbfundum voru einungis tveir þar sem engin erindi voru á dagskrá. Annar þessara funda var jólafundurinn þar sem boðið var upp á hugvekju og skemmtiatriði. Hinn fundinn notuðum við til að afgreiða ný lög klúbbsins og ræða innri mál hans. Það voru því flutt 41 erindi á klúbbfundum. Þar af voru 27 utanaðkomandi fyrirlesarar, fimm starfsgreinaerindi frá nýjum félögum og níu erindi frá öðrum klúbbfélögum. Fjölbreytnin í erindunum var mikil að mínu mati. Á fundinum í maí um innri mál klúbbsins kom fram að magn og fjölbreytni erinda er einn af styrkleikum klúbbsins. Á þeim fundi kom jafnframt fram ábending um að margir klúbbfélagar hafa skipt um starfsvettvang frá því þeir gengu í klúbbinn. Því er bæði tilvalið og áhugavert að fá þá til að flytja starfsgreinaerindi á ný. Ég efast ekki um að þessari hugmynd verður fylgt eftir á núverandi og komandi starfsárum.

Auk klúbbfunda hittust stjórn og nefndir klúbbsins margoft. Stjórnin hélt reglulega fundi í upphafi hvers ársfjórðungs en auk þess fundaði hún fimm sinnum til að afgreiða ýmis mál sem upp komu. Nefndir klúbbsins funduðu misoft eins og gengur og gerist. Tíðast fundaði félagavalsnefnd undir forystu Þórhildar Línadal, enda markvisst unnið að því að fjölga félaga eins og ég kem síðar að. Vil ég nota þetta tækifæri og þakka þeim fjölmörgu klúbbfélögum sem lögðu hönd á plóg í nefndum klúbbsins.

### *Klúbbfélagar*

Fráfarandi stjórnin setti sér það markmið að fjölga klúbbfélögum um tvo á starfsárinu. Var það í samræmi við markmið rótarýhreyfingarinnar. Reyndin varð nettófjölgun um þrjá. Sex nýir félagar bættust í hópinn, þau Almar Guðmundsson, Árni Gunnarsson, Ástriður Grímsdóttir sem fluttist úr Rótarý-

klúbbi Selfoss, Kristján B. Jónasson, Sigríður Stefánsdóttir sem fluttist úr Rótarýklúbbi Neskaupstaðar og Þórir Kjartansson. Á móti ákváðu þrír félagar að segja sig úr klúbbum af persónulegum ástæðum, þau Anna Sigríður Pálsdóttir, Hanna Kristín Guðmundsdóttir og Ólafur Kvaran. Það er mikil eftirsjá að Önnu Sigríði og Hönnu Kristínu sem báðar höfðu verið í klúbbum um árabíl. Ólafur náði hins vegar aldrei að festa rætur eftir að hann gekk í klúbbinn fyrir stuttu.

Nú eru í klúbbum 72 félagar. Þar af eru 32 karlar og 40 konur. Einn félagi er á fertugsaldri, 11 á fimmtugsaldri, 30 á sextugsaldri, 26 á sjötugsaldri og fjórir yfir sjötugt. Meðalaldur klúbbfélaga er 58,3 ár og meðalklúbbaldur þeirra er 11,5 ár. Eins og við ræddum á margnefndum fundi í maí verður að vinna markvisst í því á næstu árum að fjölga yngri klúbbfélögum þannig að klúbburinn endurnýist eðlilega. Ég veit að þetta krefst vinnu en hún mun skila sér.

Á starfsárinu samþykkti stjórnin ósk Páls Ólafssonar og Stefáns Pálssonar um að verða undanþegnir mætingarskyldu með vísan til ákvæða í lögum klúbbsins. Auk þeirra er Vigdís Finnbogadóttir undanþegin mætingarskyldu. Þá uppfylla Garðar Siggeirsson, Gestur Ólafsson og Helgi Hafliðason skilyrðin og væntanlega verður gengið fromlega frá undanþágu þeirra frá mætingarskyldu á stjórnarfundum á eftir.

#### *Ýmislegt*

Á starfsárinu fóstaði klúbburinn skiptinemann Abbi Seasly, sextán ára stúlku sem fædd er í Suður-Kóreu en býr í borginni Findlay vestur af Cleveland í Ohio í Bandaríkjunum. Þar stundar hún nám í Findlay High School en sótti í vetur Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Kristín Rafnar var trúnaðarmaður klúbbsins gagnvart Abbi og hitti hana nokkrum sinnum auk þess sem Abbi kom á fundi í klúbbum. Færi ég Kristínu bestu þakkir fyrir þetta. Klúbburinn fóstaði Abbi til að sonur utanklúbbsfólks kæmist til Þýskalands á vegum rótarýhreyfingarinnar. Ég tel að reynslan í vetur sýni að þetta er ekki gott fyrirkomulag því það er enginn í klúbbum sem ber hag þessa verkefnis, ef ég má nota það orð, fyrir brjósti. Af þeirri ástæðu hafnaði ég í vetur sams konar málaleitan tveggja fjölskyldna utan klúbbsins.

Að því sögðu vil ég þó undirstrika að við ættum að finna leiðir til að efla þátttöku klúbbsins í ungmenna- og starfshópaskiptum rótarýhreyfingarinnar. Samfélags- og manngæskustarf rótarýhreyfingarinnar er bæði umfangsmikið og lofsvert og Íslendingar hafa notið þess ríkulega í áranna rás. Rannveig Gunnarsdóttir gerði ágæta grein fyrir tveimur slíkum verkefnum á fundi í maí sl., þ.e. bólusetningu gegn lómunarveiki og stíflugerð í Indlandi. Og eins og við ræddum á fundinum í maí um innri mál klúbbsins er ástæða til að vinna markvisst að því að finna leiðir til að klúbburinn leggi meira til samfélags- og manngæskuverkefna hér á landi og erlendis. Ég veit að þetta er nýjum forseta okkar hugleikið og án efa mun hún beita sér fyrir því að núverandi stjórn móti ákveðnar tillögur í þessum efnum.

Nokkrir klúbbfélagar tóku virkan þátt í störfum á vegum íslenska rótarýumdæmisins með setu í ráðum og nefndum. Þetta voru þau Eiríkur Örn Arnarson, Ellen Ingvadóttir, Hanna María Siggeirsdóttir, Jón Ólafur Halldórsson, Lára V. Júlíusdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Án þess að kasta rýrð á störf annarra vil ég sérstaklega nefna formennsku Hönnu Maríu í æskulýðsnefnd umdæmisins en sú nefnd skipuleggur námsmannaskiptin. Í því felst meiri vinna en margan grunar. Þá vil ég bæta því við að Rannveig Gunnarsdóttir, sem maki íslenska umdæmisstjórans á yfirstandandi starfsári, byrjaði þegar fyrir nokkrum mánuðum að sinna umfangsmiklum skyldum hér á landi og erlendis.

Rétt eins og undanfarin ár var ferðalag klúbbsins einn af síðustu atburðum starfsársins. Að þessu sinni fóru 17 klúbbfélagar ásamt mökum og þremur börnum/barnabörnum til Breiðuvíkur. Þaðan var farið í ferðir um nágrennið, þar á meðal tóku nokkur hús á félagi okkar Esther Guðmundsdóttur á Patreksfirði og þáðu veitingar. Sem fyrr var ferðalagið skipulagt af röggsemi af ferðanefnd klúbbsins. Í henni sátu Margrét Guðmundsdóttir, formaður, Erna Bryndís Halldórsdóttir, Lára V. Júlíusdóttir og Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir. Færi ég þeim innilegar þakkir fyrir þeirra störf.

Að síðustu vil ég nefna ný lög klúbbsins og heimasíðuna. Klúbbum voru sett ný lög á fundi í maí sl., bæði grundvallarlög og sérlög. Lagabreytingarnar eru tilkomnar vegna fjölmargra samþykka á lög-gjafarþingi Rotary International í fyrra sem hafa áhrif á lög allra rótarýklúbba í veröldinni. Auk mín tóku Eiríkur Guðnason, Ellen Ingvadóttir, Hrönn Greipadóttir og Þórhildur Líndal þátt í þessari vinnu. Færi ég þeim þakkir fyrir þeirra störf.

Heimasíðan var tekin í gegn á starfsárinu. Ýmislegt efni frá fyrra árum var sett þar inn, s.s. yfirlit um fundi frá upphafi, fundargerðir sem sumar hverjar eru býsna ítarlegar, yfirlit um stjórnir frá upphafi og nefndir megnið af tímanum sem og yfirlit um allar sumarferðirnar. Á síðunni má finna útgefið fél-agatal fyrra ára, þar á meðal það elsta frá starfsárinu 1995-1996. Eins má finna eina tölublaðið af fréttabréfinu Punktum og pistlum sem kom út í maí 1996. Þá hafa birst fjölmargar fréttir af klúbbs-starfinu á starfsárinu. Kann ég sjálfum mér þakkir fyrir eljuna.

#### *Lokaorð*

Framundan er nýtt starfsár með nýjum áskorunum og markmiðum. Ég efa ekki að frjóar umræður á títtnefndum fundi í maí um innri mál klúbbsins munu verða nýrri stjórn leiðarljós. Þar komu fram margar góðar hugmyndir um leiðir til að efla starf klúbbsins enn frekar. Að því skulum við vinna í sam-einingu. Ég óska Hrönn og samstjórnarfólki hennar velfarnaðar á starfsárinu.

## Viðauki: Yfirlit um klúbbfundi á starfsárinu

Nr. og dags.	Fyrirlesari	Heiti/efni fyrirlesturs
43 - 27. júní	Þórunn Sigurðardóttir	Heimsókn í Hörpu
42 - 20. júní	Ástríður Grímsdóttir	Starfsgreinaerindi
41 - 6. júní	Gísli Már Gíslason	Björg í bú - náttúra og nytjar af Látrabjargi og Rauðasandi
40 - 30. maí	Halldór Guðmundsson	Ísland á Bókasýningunni í Frankfurt í október 2011
39 - 23. maí	Rannveig Gunnarsdóttir	Ferð til Indlands í tengslum við baráttu RI gegn lömunarveiki
38 - 16. maí		Lagabreytingar og önnur innri málefni klúbbsins
37 - 9. maí	Steinunn Jóhannesdóttir	Kynning á bókinni Heimanfylgjan
36 - 2. maí	Árni Gunnarsson	Starfsgreinaerindi
35 - 11. apríl	Þór Whitehead	Kynning á bókinni Sovét-Ísland
34 - 4. apríl	Sævar Freyr Þráinsson	Heimsókn til Símans
33 - 28. mars	Eypór Eðvarðsson	Hvernig borð vill Bára? Af íslenskum orðatiltækjum
32 - 21. mars	Hörður Arnarson	Nýjar áherslur í stefnu Landsvirkjunar
31 - 14. mars	Björn Zoega	Landspítali í skugga niðurskurðar
30 - 7. mars	Guðjón Friðriksson	Íslenskar konur í Kaupmannahöfn fyrr á tímum
29 - 28. feb.	Högni Kristjánsson	Aðildarviðræður við ESB
28 - 21. feb.	Ágúst H. Ingþórsson	Árangur menntaáætlana ESB hér á landi
27 - 14. feb.	Almar Guðmundsson	Starfsgreinaerindi
		Þórir Kjartansson tekinn í klúbbinn
26 - 7. feb.	Styrmir Gunnarsson	WikiLeaks-málið
25 - 31. jan.	Helgi Ágústsson	Starfsemi Barnaheilla á erlendri grundu
24 - 24. jan.	Sólveig Pétursdóttir	Hátíðarhöld vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar
		Kristján B. Jónasson tekinn í klúbbinn
23 - 17. jan.	Orri Hauksson	Ár nýsköpunar
		Ástríður Grímsdóttir tekin í klúbbinn; áður í Rkl. Selfoss og Rkl. Ólafsfjarða
22 - 10. jan.	Eiríkur Örn Arnarson	Forvörn þunglyndis
21 - 3. jan.	Finnbogi Jónsson	Framtakssjóður Íslands, endurreisn efnahagslífsins og horfurnar 2011
20 - 20. des.	Einar Már Guðmundsson	Molar frá þrjátíu ára rithöfundarferli
		Árni Gunnarsson tekinn í klúbbinn
19 - 13. des.	Gerður Kristný	Kynning á bókinni Blóðhófnir
18 - 6. des.	Þórunn Sigurðardóttir	Kynning á bókinni Á valdi örlaganna - ævisaga Kristjáns Jóhannssonar
		Sigríður Stefánsdóttir tekin í klúbbinn; áður í Rkl. Neskaupstaðar
17 - 2. des.		Jólafundur í Þjóðleikhússkjallaranum
16 - 22. nóv.	Einar Sigurðsson	Heimsókn til Mjólkursamsölnunar
15 - 15. nóv.	Magnús Ingi Óskarsson	Starfsemi Calidris
14 - 8. nóv.	Elín Ebba Ásmundsdóttir	Hugmyndin að Hlutverkasetri og hverju efnahagshrunið breytti
13 - 1. nóv.	Gissur Kristinsson	Vínneysla fyrr og nú
		Almar Guðmundsson tekinn í klúbbinn
12 - 25. okt.	Auður Björk Guðmundsd.	Starfsgreinaerindi í höfuðstöðvum VÍS (síðdegisfundur)
11 - 18. okt.	Sigríður Jakóbínudóttir	Bólusetning við leghálskrabbameini - fyrir hverja og af hverju?
10 - 11. okt.	Steinþór Skúlason	Starfsgreinaerindi í höfuðstöðvum Sláturfélags Suðurlands
9 - 4. okt.	Eyvindur Gunnarsson	Nokkur orð um dóma Hæstaréttar í málum um gengistryggð lán
8 - 27. sept.	Tinna Gunnlaugsdóttir	Þjóðleikhúsið í 60 ár
7 - 20. sept.	Halldór Björn Runólfsson	Varist eftirlíkingar - nokkur orð um listaverkafalsanir og áhrif þeirra
6 - 13. sept.	Margrét Friðriksdóttir	Heimsókn umdæmisstjóra Rótaryumdæmisins

<b>Nr. og dags.</b>	<b>Fyrirlesari</b>	<b>Heiti/efni fyrirlesturs</b>
<b>5 - 6. sept.</b>	Árni Heimir Ingólfsson	Sinfóníuhljómsveit Íslands: Þjóðarhljómsveit í nútíð og framtíð
<b>4 - 30. ágúst</b>	Dagný Halldórsdóttir	Starfsemi Neyðarlínunnar (fundur að Skógarhlíð 14)
<b>3 - 23. ágúst</b>	Magnús Geir Þórðarson	Hvernig er að reka leikhús
<b>2 - 16. ágúst</b>	Helgi Már Halldórsson	Verðlaunatillega um nýtt háskólasjúkrahús við Hringbraut
<b>1 - 9. ágúst</b>	Ásgeir Margeirsson	Hræringar í orkumálum: Kaup Magma Energy á HS Orku